

„kreddum“ norsku sýnóðunnar. Þetta er skiljanlegt, því bæði er það að litlar upplýsingar hafa komið fram um hið einkennilega við trúarkenningar norsku sýnóðunnar frá mótstöðumönnum hennar síðan á hinum umgetna trúarsamtalsfundi, og svo gjörir sjera Páll sjer mjög mikið far um að koma þeirri trú inn hjá mönnum, að með því að halda sjer til norsku sýnóðunnar sje hann einmitt að gróðursetja hjer hina sönnu íslensku kirkju andspænis nýgjörvings-villudómi þeim, sem eg sje að prjédika. Til styrkingar þessu get eg vel skilið það verði ýmsum miður djúpskyggnum mönnum, að sjera Páll yfir höfuð að tala þræðir mjög nákvæmlega form það, er fylgt er almennt á Íslandi við hina útvortis guðspjónustu, þar sem þeir hinsvegar sjá og heyra, að eg sje enganveginn formfastur í þessu tilliti. Fyrir mörgum hjer eins og annarstaðar mun hin útvortis guðspjónusta því miður vera eitt og allt. Þessir hinir sömu menn taka því fljótt eftir, ef einhverjum kirkjusíðum er breytt, og eru manna fljótastir til að hneykslast á því, en af hinu vita þeir ekki heldur en dauða sínum, þó að trúargrundvöllurinn sje skekkur eða jafnvel með öllu rífinn niður. Stefáni, hinu fyrsta blóðvitni kristinnar, var borið það á brún af ofsóknarmönnum sínum, að hann hefði sagt (meðal annars), að Jesús frá Nazaret mundi umbreyta hinum páverandi kirkjusíðum (Postgb. 6.). Þetta var gjört að dauðasök hans. Svo það er ekkert nýtt í heiminum, að fólk, er telur sig til safnaðar drottins, áltur allt í veði, ef losað er um eitthvað, sem snertir hina útvortis guðspjónustu. En eins er hitt líka kunnugt í kristinni